

til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, 1859.
 að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, getur dóms- 14. október.
 málástjórnin ekki álitid, að greiða beri áðurnefnt fê úr jafn-
 aðarsjóði amtsins.

46. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 14. október.
 valdanna á Íslandi, um gjald af brauðum til upp-
 gjafapresta og prestaekkna.

Í bréfi 19. febrúarm. þ. á. hafid þer, herra stiptamtmaður, og þer, háæruverðugi herra, gjört uppástungu um breytingu á reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi, um það, hvernig greiða skuli gjald til fátækra uppgjafa-presta og prestaekkna á Íslandi, það er ákveðið var með konungsbréfum 14. febr. 1705 og 5. júní 1750; og hafid þer þar að auki farið fram á, að tvær hinar eldri matsgjörðir um tekjur prestakalla á landinu, frá 1737 og 1748, verði teknar úr gildi, en aptur á móti verði útveguð staðfesting konungs á matsgjörð þeirri, er samin var um öll brauð á Íslandi árið 1853 (1854).

Stjórnin finnur nú reyndar fyrir sitt leyti ekkert athugavert við uppástungu þá, er hér ræðir um; en með því að hún er mjög ólík uppástungu þeirri, er nefnd sú, er „Synodus“ setti í þessu máli, samdi, og lögð var fyrir fund þenna, þykir það réttast, áður en lengra er farið út í málið, að uppástunga yðar sê borin undir álit fundarins, ásamt brauðamatsgjörðinni frá 1853, svo framarlega sem matsgjörð þessi ekki áður hefur verið tekin til yfirvegunar á „Synodus“; en hvort svo sê, er stjórninni ókunnugt.

Þess vegna bið eg yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um það, sem með þarf í þessu efni, og þykir um leið vert að geta þess um brauðamatsgjörð þá, er síðast var nefnd, að stjórninni þótti það undarlegt, að Hólmar í Suðurmúla-prófastsdæmi, sem almennt er álitid eitt af beztu brauðum á Íslandi, er í matsgjörð þessari aðeins talið

492 rd. 62 sk.

1859.

14. október.

Að því leyti, sem þær í áður greindu bréfi yðar hafið farið fram á, að um leið yrði gjörð slík breyting á reglum þeim, er nú eru í gildi um árgjöld til prestaekkna á Íslandi, að sérhver prestsekkja, sem eptir konungsbréfi 5. júní 1750 á tilkall til árgjalds af brauði, eigi rétt á að fá þau goldin eptir tilsk. 6. janúar 1847, 5. gr., þá verður ekki fallizt á þessa uppástungu. Í því tilliti skal þess getið, að skiptingin á brauðunum í aðalbrauð og meðalbrauð, sem gjörð er í konungsbréfi 5. júní 1750, 1. og 2. gr., er byggð á brauðamatsgjörðunum frá 1737 og 1748; og ef sú verður raun á, að matsgjörðir þessar séu óhæfar til þess að leggja þær til grundvallar fyrir gjald það, sem áður er á vikið, til fátækra presta og prestaekkna, virðist svo, sem ekki muni heldur gjörlegt að leggja þær til grundvallar viðvíkjandi árgjaldi til prestaekkna framvegis á þann hátt, að eptir þetta beri réttur til árgjalds að eins ekkjum þeirra presta, sem voru á þeim brauðum, er eptir konungsbréfi 5. júní 1750 heim færast til þeirra þriggja flokka, sem þar eru til greindir eptir hinum fornu brauðamatsgjörðum.

Sè aptur á móti brauðamatsgjörðin frá 1853 lögð til grundvallar viðvíkjandi árgjöldum til prestaekkna, verður ekki hjá því komizt, að þessu sé til hagað á annan hátt en verið hefur; því brauðamatsgjörð þessi gjörir enga slíka flokkaskiptingu á brauðunum, sem hinar eldri; en slíku fyrirkomulagi verður, eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 31. maí 1855, ekki komið á nema með nýjum lögum.

Annars ber þess að geta, að grundvallarregla sú, sem að undanfögnu hefur verið farið eptir, að veita árgjald aðeins ekkjum eptir þá presta, sem verið hafa á betri brauðunum, virðist varla vera réttlæti samkvæm; því það má telja víst, að ekkjur þeirra presta, sem voru á fátækustu brauðunum, séu optast nær mest þurfandi. Að sönnu fá hinar fátækustu af ekkjum þessum blutdeild að tiltölu í þeim 300 rd., sem árlega eru veittir prestaekkjum á Íslandi og börnum þeirra úr ríkissjóði, og að auki hlut í gjaldi því af öðrum brauðum, sem opt hefur nefnt verið hér á undan, og getur styrkur sá, er þær þannig hreppa, töluvert aukizt með tímanum, ef farið verður eptir uppá-

stungu stiptsyfirvaldanna um breytingu á gjaldi þessu; en samt sem áður virðist hann þó að vera með öllu ónógur fyrir flestar þeirra; það er og í því efni athugandi, að það eingöngu er komið undir álitum, hvort þær, hver fyrir sig, fá nokkurn hlut í styrk þessum, og hve mikill hann sè. Það virðist því réttast, að sleppa framvegis grundvallarreglum þeim um árgjöld til prestaekknna, sem farið er eptir í konungsbréfi 5. júní 1750, en aðhyllast þær hinar sömu reglur, sem farið er eptir um eptirlaun presta, á þann hátt, að þær fái tiltekinn hluta af hinum vissu tekjum sérhvers brauðs.

Stjórnin skorar því á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að semja frumvarp til nýrra ákvarðana um árgjöld til prestaekknna á Íslandi, og senda það síðan hingað, eptir að búið er að bera það undir „Synodus“, og fundur þessi er búinn að kveða upp um það álit sitt. Væri og ástæða til, að reyna um leið að koma á betra skipulagi um eptirlaun presta; því um það efni er varla, nú sem stendur, fylgt neinni stöðugri reglu, er svo virðist, sem stiptsyfirvöldin í hvert skipti ákveði eptirlaunin eptir samkomulagi við prest þann, er frá brauðinu fer.

Að endingu skal því við bætt, að ef lagt verður samþykki á brauðamatsgjörðina frá 1853, hlýtur jafnframt að gjöra breytingu á reglunum um veitingu aðalbrauðanna; því þau 6 brauð, sem hans hátign konungurinn nú veitir, verða þá ekki öll saman beztu brauðin á landinu; væri, að álit stjórnarinnar, ástæða til, að áskilja konungi að veita þau brauð, sem eptir hinni nýju matsgjörð eru metin hærra en 600 rd.; en um þetta eruð þér beðnir að láta í ljósi álit yðar.

Þegar mál þetta kemur aptur til stjórnarinnar, eruð þér beðnir að senda með því 2 „exemplör“ af brauðamatsgjörðinni frá 1853, og um leið að skýra frá, hve margir prestar og prestaekkjur nú sem stendur eru á landinu, og um tölu þeirra, sem fá hlutdeild í gjaldi því af brauðunum, sem nú er úthlutað.

Fylgiskjöl þau, er þér senduð, eru með bréfi þessu, en þér eruð beðnir að senda þau aptur, þegar þér eruð búnir að halda á þeim.